

Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 43. fundur 2026

Dagsetning fundar: 7. janúar 2026

Tímasetning fundar: 08.30-11.00

Fundarstaður: Hamraborg

Viðstaddir: María Kristjánsdóttir frá SÍS, Sigrún Þórarinsdóttir frá Kópavogi, Svanhildur Þengilsdóttir frá Garðabæ, Guðlaug Ósk Gísladóttir frá Hafnarfirði, Kristbjörg Hjaltadóttir frá Mosfellsbæ, Baldur Pálsson frá Seltjarnarnesbæ, og Rannveig Einarsdóttir, Katrín Harpa Ásgeirsdóttir og Sigprúður Erla Arnardóttir frá Reykjavík sem ritaði jafnframt fundargerð.

Gestir: Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins, Kristján Sturluson, starfsmaður verkefnisins, Arnar Haraldsson ráðgjafi HLH og Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins.

1. **Velferð og vá.** Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, deildarstjóri almannavarna höfuðborgarsvæðisins og Kristján Sturluson, starfsmaður verkefnisins komu inn á fundinn. Farið yfir skýrslu um Viðbrögð við vá, hvernig viðbrögð hafa verið þegar upp kom vá í sveitarfélögunum. Til staðar er bakhópur með fulltrúum frá SÍS, HÍ, Almennavörnum og fl. sem fylgir eftir samtali við alla landshluta og vinna með landshlutafélögum sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga og almannavarna þegar upp kemur vá. Á fundunum sitja fulltrúar frá lögreglu, félagþjónustu og framkvæmdastjórnar/sveitastjórnar sveitarfélaga. Sérstök áhersla er lögð á vinnu með viðkvæma hópa. Ekki verður valkvætt að hafa neyðarstjórnir hjá sveitarfélögum. Lögð áhersla á að félagsþjónusta komi strax að aðgerðastjórnun. Áætlað að halda fund með sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu með vorinu.

Þóra Kristín og Kristján fóru út af fundi kl. 9:20.

2. **NPA**, umsýslugjald, greiðslur vegna skammtímaveikinda, o.fl. Atli Sturluson, frá Kópavogsbæ og Arnar Haraldsson, ráðgjafi hjá HLH mættu inn á fundinn. Lögð áhersla á að NPA samningar endurspegli raunverulegan kostnað en ekki út frá föstum hlutföllum. Mikilvægt að sveitarfélögin setji upp samningana og sérstaklega skoði 5% sem ætlað er í starfsmannakostnað. Mikilvægt að sveitarfélögin samræmi vinnulag um uppsetningu NPA samninga og sérstaklega varðandi umsýslusamninga. Verið að bíða eftir endurskoðaðri reglugerð og skoði sérstaklega hlutföll innan samninga.

Katrín Harpa Ásgeirsdóttir, Atli Sturluson og Arnar Haraldsson og Sigrún Þórarinsdóttir fóru úr af fundi kl. 10:25

3. **Farsældarráð.** Aðgerðir/viðmið á sviði velferðarmála vegna áætlunar farsældarráðs. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs

höfuðborgarsvæðisins kom inn á fundinn. Farið yfir undirbúning fyrir fund farsældarráðs 12. janúar. Verið að taka saman hvaða verkefni liggi fyrir í farsældarvinnu hjá sveitarfélögunum.

María Ingibjörg Kristjánsdóttir fór út af fundi kl. 10:40.

Hanna Borg Jónsdóttir fór út af fundi kl. 10:50.

Fundi slitið kl. 10:55